

Fundargerð fjallskilanevndar Laxárdals 2024

Þriðjudaginn 15. ágúst 2024 kom fjallskilanevnd saman til fundar að Svarfhóli kl. 21:00. Allir fundarmenn voru mættir. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Þetta var gert:

- Aðal bókarhreyfingar fjallskilasjóðs lagðar fram og er staðan við Dalabyggð 23.159kr. Fjárhagur ræddur í framhaldi þess. Dagsverk er aðeins reiknað á það fé sem er skráð á Ljárskógafjall, Norðurfjöll og Suðurfjöll. Hausagjald ákveðið kr. 155 á kind. Dagsverkið er metið á 25.000 þúsund.
- Álagning fjallskila í Laxárdal. Dagsverkum var jafnað niður á fjáreigendur, Fjallskilanevndin samþykkti að leitir fari fram skv. fjallskilareglugerð. Fyrsta leit fari því fram á Ljárskógafjalli og norðurfjöllum laugardaginn 14. sept og fyrsta rétt sunnudaginn 15. sept. kl: 12:00. Á suðurfjöllum 22. og 23. sept. Önnur leit fari fram á Ljárskógafjalli og norðurfjöllum laugardaginn 28. Sept. og önnur rétt sunnudaginn 29. sept kl: 16:00. Á suðurfjöllum 30 sept. og 1. okt. Þriðju leit skal vera lokið fyrir 25. okt. Fé sem sótt er utan lögréttar tíma með samþykki fjallskilanevndar skal flutt í fjárhúsin á Svarfhóli í samráði við Harald Ó Haralds. Nefndin ákvað að semja við Böðvar B. Magnússon og Bjarna Hermannsson um flutning á fé úr réttum, en eingöngu er samið um flutning fjár á lögréttar tíma. Ef flytja þarf á öðrum tíma þurfa eigendur að bera þann kostnað sjálfir og eða leita eftir samþykki fjallskilanevndar hverju sinni. Fé úr Bitru skal sótt í samráði við réttarmenn sem þangað fara á réttardag. Að öðrum kosti ef næst á fullan bíl, annars verður að leita eftir samþykki fjallskilanevndar um flutning á kostnað fjallskilasjóðs.
- Nefndin leggur áherslu á nauðsyn þess að fara með safngirðingum og gera við þær fyrir lögréttir. Þörf er á að laga réttina fyrir haustið. Laga þarf aðkomu að réttinni fyrir fé og vagna og bæta ofaníbúði í rétt. Var réttarstjóra falið að fara yfir þessi mál með vörslumanni eigna hjá Dalabyggð.
- Fjallskilanevnd hefur miklar áhyggjur af fjölgun refa á svæðinu og vill árétta við sveitastjórn að finna lausn á þeim málum.
- Lögð er áhersla á að fjáreigendur skili sínum dagsverkum samkvæmt leitarseðli.
- Nefndinni hafa borist kvartanir frá landeigendum að fjallskilaseðill hafi ekki skilað sér á öll lögbýli í dalnum.
- Nefndinni hefur einnig fengið nokkrar kvartanir frá fjáreigendum í Laxárdal að réttað hafi verið í fé sem komið var í safnhólf við Gillastaðarétt einum til tveimur dögum fyrir formlegann réttardag án vitneskju réttarstjóra.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Harald Ó Haralds (formaður)
Gísli Þórðarson
Katarínus Jón Jónsson